

19. JANÚAR  
2023

HARPA  
ELDBORG

# Eva stjórnar Ravel



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**

Sinfónía: 22'

Konsert: 21'

Jörð mistur himinn: 15'

Svíta: 16'

Af óviðráðanlegum orsökum þurfti slagverksleikarinn Martin Grubinger að afboða komu sína og því verður slagverkskonsert Daníels Bjarnasonar ekki fluttur á tónleikunum eins og áður var auglýst.

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Eva stjórnar Ravel

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

#### **Eva Ollikainen**

Hljómsveitarstjóri

#### **Claire Huangci**

Einleikari

### **Wolfgang Amadeus Mozart**

Sinfónía nr. 35 í D-dúr, KV 385 – „Haffner“ (1782)

Allegro con spirito

Andante

Menuetto – Trio

Finale: Presto

### **Maurice Ravel**

Píanókonsert í G-dúr (1929-31)

Allegramente

Adagio assai

Presto

### **HÍÉ**

### **Haukur Tómasson**

Jörð mistur himinn (2021, frumflutningur)

### **Maurice Ravel**

Dafnis og Klói, svíta nr. 2 (1912/1913)

Lever du jour

Pantomime

Danse générale

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Eva Ollikainen

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panulakeppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 snéri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst síðastliðnum, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur ARCHORA, og stuttu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmóníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóra-akademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni.



# Claire Huangci

## EINLEIKARI

Bandaríski píanóleikarinn Claire Huangci vakti athygli á ungum aldri þegar hún bar sigur úr bítum í alþjóðlegum Chopin-keppnum bæði austan hafs og vestan. Túlkun hennar á verkum pólska píanósnillingsins þótti framúrskarandi en hún hefur ekki síðri tök á tónlist frá öðrum tímabilum og leikur jöfnum höndum verk eftir Bach, rússnesku meistarana og Leonard Bernstein. Hún sigraði í Géza Anda-píanókeppninni í Sviss árið 2018 og hlaut þá jafnframt sérstök verðlaun fyrir Mozarttúlkun sína sem og áheyrendaverðlaun.

Huangci stundaði nám við Curtis-tónlistarskólann í Filadelfíu í Bandaríkjunum en fluttist síðan til Þýskalands og hélt áfram námi við tónlistarháskólann í Hannover þaðan sem hún útskrifaðist með láði árið 2016. Hún hefur leikið einleik með ýmsum hljómsveitum, ekki síst á þýska málsvæðinu, svo sem Útvarpshljómsveitinni í Vínarborg, Mozarteum-hljómsveitinni í Salzburg, Tonhalle-Orchester Zürich og útvarpshljómsveitunum í Stuttgart og Saarbrücken. Á þessu starfsári hefur hún meðal annars komið fram í Frankfurt, Wiesbaden, Stuttgart og í Kaliforníu þar sem hún lék einleik með Pacific Symphony Orchestra undir stjórn Carls St. Clair. Meðal annarra hljómsveitarstjóra sem hún hefur unnið með má nefna Elim Chan, Howard Griffiths, Pietari Inkinen, Cornelius Meister, Roger Norrington og Evu Ollikainen.

Claire Huangci hefur gefið út allmargar plötur, meðal annars tvöfalda hljómplötu með sönötum eftir Domenico Scarlatti sem hlaut viðurkenningu tímaritsins *Gramophone*. Síðar á þessu ári kemur út á vegum Alpha Classics hljóðritun hennar á píanókonsertum eftir Mozart með Mozarteum-hljómsveitinni í Salzburg undir stjórn Howards Griffiths.



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var norskur hljóm-  
sveitarstjórinn Olav  
Kjelland sem stjórnaði  
Sinfóníuhljómsveit  
Íslands þegar hún flutti  
Haffnersinfóníu Mozarts  
í fyrsta sinn vorið 1952.  
Hljómsveitin hefur leikið  
sinfóníuna tíu sinnum  
síðan, þar af tvisvar  
sinnum í Eldborgarsal  
Hörpu: í febrúar 2013 undir  
stjórn Hermanns Bäumer  
og á aðventutónleikum  
2015 þegar Matthew Halls  
hélt um tónsprotann.

# Wolfgang Amadeus Mozart

## SINFÓNÍA NR. 35 Í D-DÚR, KV 385

Sumarið 1782 stóð mikið til hjá Wolfgang Amadeusi Mozart (1756–91). Hann lauk við óperu sína *Brottnámið úr kvennabúrinu* og stýrði frumuppfærslu hennar í Burgtheater í Vín þann 16. júlí, og tæplega þremur vikum síðar gekk hann að eiga Constönzu sína Weber. Það má því gera sér í hugarlund að hann hafi ekki verið með öllu upprifinn þegar Leopold faðir hans tjáði honum, mitt í öllum þessum önnum, að Haffner-fjölskyldan í Salzburg óskaði eftir því að hann semdi hljómsveitarverk í tilefni þess að Sigmund Haffner yngri hlotnaðist aðalstign. Það var þó erfitt fyrir Mozart að hafna þessu verkefni. Þeir Sigmund voru æskuvinir og Mozart hafði áður samið verk fyrir fjölskylduna, hina yndislegu Haffner-serenöðu sem flutt var í brúðkaupi systur Sigmunds, Mariu Elisabethar, árið 1776. En þar að auki reið nú á miklu fyrir Mozart að blíðka hinn stranga föður sinn, því Leopold hafði ekki enn veitt samþykki sitt fyrir brúðkaupi Wolfgangs og Constönzu. Mozart sinnti því pöntuninni meðfram öðrum verkefnum og sendi föður sínum verkið jafnóðum og það varð til, kafla fyrir kafla. Kaflarnir urðu alls sex og verkið því upprunalega að sumu leyti nær serenöðu en sinfóníu í formi.

Nokkrum mánuðum síðar bað Mozart föður sinn að senda sér handritið aftur því hann vildi flytja sinfóníuna á tónleikum sínum í Vínarborg. Þegar hann sá verkið aftur kom það honum ánægjulega á óvart; hann sagði föður sínum að hann hefði eiginlega verið búinn að gleyma því (slíkur var hamangangurinn þegar sinfónían varð til á aðeins um tveimur vikum) en sæi nú að það myndi gera sig vel. Mozart gerði dálitlar breytingar á stykkinu fyrir flutninginn í Vín og sneið betur að formi sinfóníunnar. Þannig fékk upphafskafllinn, mars, að fjúka og sömuleiðis annar af tveimur menúettum. Mozart bætti líka bæði flautum og klarinettum við hljómsveitina og í þeirri mynd var sinfónían flutt þann 23. mars 1783 í Burgtheater að Jósef 2. keisara viðstöddum. Hún hlaut afbragðs viðtökur og hefur æ síðan verið í hópi ástsælustu verka Mozarts.



# Maurice Ravel

## PÍANÓKONSERT Í G-DÚR

Það var í lok ferils síns sem Maurice Ravel (1875–1937) samdi píanókonserta sína tvo, svo að segja samtímis – þeir voru báðir frumfluttir í ársbyrjun 1932. Annan skrifaði hann fyrir austurríska píanóleikarann Paul Wittgenstein sem hafði misst hægri hönd í heimsstyrjöldinni fyrri. Konsertinn mátti því leika eingöngu með vinstri hendi sem kom þó engan veginn niður á gæðum hans eða músikölsku inntaki. Hinn konsertinn hugsaði Ravel sér að leika sjálfur – hann var á leiðinni í tónleikaferðalag og vantaði stykki sem gengi vel í áheyrendur – en þegar til kom tók franskur píanistinn Marguerite Long að sér einleikshlutverkið á meðan tónskáldið stjórnaði hljómsveitinni. Þau skótu hjú ferðuðust um Evrópu í rúma þrjá mánuði og fluttu verkið á um tuttugu tónleikum víðsvegar um álfuna.

Fyrsta hugmynd Ravel að verkinu var að skrifa divertimento, eins konar skemmtitónlist fyrir píanó og hljómsveit, þótt útkoman yrði á endanum heill píanókonsert. Konsertinn í G-dúr er enda sannkallað skemmtistykki sem endurspeglar tíðaranda millistríðsáranna, nýklassík jafnt sem djass og blús. Djassinum hafði Ravel kynnst heima í Frakklandi og áhugi hans á bandarískri tónlist dýpkaði svo enn frekar þegar hann ferðaðist um Bandaríkin árið 1928. Þá hitti hann meðal annarra George Gershwin en Ravel hreifst mjög af verkum hans eins og glögggt má heyra í upphafi G-dúr konsertsins þar sem skyldleikinn við *Rhapsody in Blue* leynir sér ekki. Sjálfur nefndi Ravel að píanókonsertinn væri saminn undir áhrifum frá Mozart og Saint-Saëns, því að sér hugnuðust best konsertar þar sem léttlyndi og glæsileiki réðu ríkjum fremur en dramatík og djúpköfun. Hægi þáttur konsertsins sækir vissulega margt til klassíkurinnar með sínum syngjandi línunum og gagnsæri hljómsetningu en jafnframt er þar stutt yfir í tónheim landa Ravel, Eriks Satie. Í útpáttunum er aftur á móti ekki laust við að andi Stravinskíjs svífi yfir vötnum. Allt er þetta þó eftir uppskrift Ravel sjálfs, við þekkjum hér litbrigði, hljóðfæranotkun og kraftmikinn rytma sem einkenna fyrri hljómsveitarverk hans, til að mynda ballettinn um Dafnis og Klói.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Píanókonsert Ravel hljómaði síðast í meðförum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands á Listahátíð 2016 þegar Jean-Efflam Bavouzet lék einleik undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Áður höfðu alls fimmtán píanistar spreytt sig á verkinu með hljómsveitinni, þar af sex íslenskir: Halldór Haraldsson (1968 og 1982), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1979), Helga Bryndís Magnúsdóttir (1987), Sigrún Grendal (1994), Miklós Dalmay (1996) og Víkingur Heiðar Ólafsson (2005). Auk þeirra hafa m.a. leikið verkið þau Alicia de Larrocha (1972), Pascal Rogé (1980), Jean-Phillipe Collard (1993), Lise de la Salle (2010) og Steven Osborne (2012)



# Haukur Tómasson

## JÖRÐ MISTUR HIMINN

Um þessar mundir eru 30 ár liðin frá því að Sinfóníuhljóm-  
sveit Íslands flutti fyrst verk eftir Hauk Tómasson (f. 1960).  
Það var hljómsveitarverkið *Afsprengr* sem hljómaði í Háskóla-  
bíói 28. janúar 1993. Í september sama ár frumflutti svo  
hljómsveitin verkið *Strati* en fyrir það hlaut Haukur Tónvakann  
– tónlistarverðlaun Ríkisútvarpsins. Hann hefur síðan samið  
tylft stórra hljómsveitarverka, og eru þá ótaldir konsertar fyrir  
einleikshljóðfæri og hljómsveit sem nálgast tuginn. *Jörð  
mistur himinn* er hið nýjasta af hljómsveitarverkunum og er  
frumflutt á tónleikunum í kvöld. Haukur hefur þetta að segja  
um verkið:

„Þegar ég er að semja finnst mér gott að hafa eitthvað í  
huga sem togar mig í ákveðna átt. Stundum eru þetta bara  
nokkur orð sem hafa áhrif á stemningu, form, efni, einkenni.  
Stundum er þetta myndlist. Áttaviti þessa verks eru málverk  
Georgs Guðna Haukssonar (1961–2011). Ég tengi þau við  
náttúru, samruna, innri hreyfingu, óljós mörk, kyrrð. Þau eru í  
senn skýr og margslungin, náttúruleg og abstrakt, mögnuð  
og einstök. Skýrleikinn felst í myndefninu, það er kannski  
fjall, rigningarsuddi, himinn, en skilin þarna á milli eru oft  
þokukennnd. Kannski má segja að mótíf þessa verks sé líka  
mjög skýrt, það er tónninn G sem er til staðar í verkinu mest  
allan tímann. Sem stuðlar að ákveðinni kyrrstöðu. En ég reyni  
að lita tóninn á fjölbreytilegan hátt til að skapa innri hreyfingu  
og áframhald. Tónlistin er lagskipt, mörg veik lög mynda  
suðkennd hljóð sem vefjast um hreina tóna.

Verkið er ekki í þremur hlutum eins og nafnið gæti bent til en  
í því eru kaflaskipti sem tengjast þessum orðum *jörð, mistur,  
himinn*, auk einhvers konar samrunakafla.“

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Haukur Tómasson hlaut  
1. verðlaun í samkeppni  
um nýtt tónverk í tilefni  
af vígslu tónlistar-  
hússins Hörpu árið 2011  
og frumflutti Sinfóníu-  
hljómsveit Íslands  
verkið, Í sjöunda himni,  
á opnunartónleikunum í  
maí það ár. Hljómsveitin  
hefur flutt mörg önnur  
verka Hauks, síðast Nature  
morte í janúar 2021 og  
þar áður píanókonsert nr.  
2 sem saminn var fyrir  
Víking Heiðar Ólafsson og  
hljómaði á tónleikum Sf í  
janúar 2018.





# Maurice Ravel

## DAFNIS OG KLÓI, SVÍTA NR. 2

Ballettflokkur Sergejs Djagílevs, Ballets Russes, sem stofnaður var í París árið 1909, hafði ómæld áhrif á listalíf í Evrópu á fyrri hluta 20. aldar með sínum framsæknu sýningum. Djagílev leiddi saman tónskáld, danshöfunda og myndlistarmenn sem sköpuðu nýstárlegar sýningar þar sem yrkisefnin voru oft exótísk, gjarnan sótt í rússnesk ævintýri eða aðrar fornar sagnir. Í fyrstu bar mest á rússneskri tónlist í sýningunum en Djagílev tók fljótlega að sækjast eftir framlagi frá frönskum tónskáldum eins og Claude Debussy, Reynaldo Hahn og Maurice Ravel. Þeim síðastnefnda fól Djagílev að vinna með danshöfundinum Fokine að balletti byggðum á sögunni um elskendurna Dafnis og Klói. Hún segir frá tveimur börnum sem borin eru út en er bjargað af fjárhirðum sem ala þau upp sem sín eigin. Dafnis og Klói gæta hvort um sig hjarðar sinnar, fella hugi saman í hjásetunni en skilja í sakleysi sínu ekki hvernig þau eiga að komast til hins æðsta ástarunaðar. Þar að auki verða mörg ljón í veginum, meðal annars sækjast aðrir vonbiðlar eftir Klói og Dafnis er numinn á brott af sjóræningjum áður en skógar- guðinn Pan skerst í leikinn og allt fær farsælan endi.

Það gekk á ýmsu í samstarfi þeirra Ravels og Fokine en ballettinn komst loks á fjalirnar árið 1912. Enda þótt verkið hlyti góða dóma voru viðtökurnar slakar og sýningarnar urðu ekki nema tvær í það sinn, en dómur sögunnar hefur orðið á þá leið að hér sé komið eitt besta tónverk Ravels. Ballettinn er í þremur hlutum og Ravel skilgreindi verkið sem „*symphonie choréographique*“ í raddskrá sinni. Það er um klukkustundar langt, vandlega byggt kringum nokkur stef. Ravel útbjó síðar tvær hljómsveitar svítur úr þessu efni og nefndi „sinfónísk brot“ (*fragments symphoniques*). Fyrri svítan spannar fyrsta hluta ballettsins og upphaf annars hluta en sú síðari tekur yfir þriðja hluta. Hann hefst á frægum kafla, Dagrenningu, þar sem Ravel málalr sólarupprásina í unaðslegum litum, þá tekur við millikaffli sem hverfist um söguna af Pan og Syrinx og verkinu lýkur svo á fjörugum dansi.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur þrisvar sinnum flutt Dafnis og Klói í heild, undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat (1981 og 1986) og Evu Ollikainen (2010). Árið 2016 flutti hljómsveitin stytta útgáfu verksins sem þáverandi aðalhljómsveitarstjóri hennar, Yan Pascal Tortelier, útbjó. Svíturnar tvær, sem Ravel sjálfur vann upp úr verkinu, hljómuðu á tónleikum Sí árið 2006 undir stjórn Rumons Gamba en sú síðari hafði áður ratað tvívegis á dagskrá hljómsveitarinnar: Karsten Andersen stjórnaði henni haustið 1973 og Petri Sakari tveimur áratugum síðar. Filharmóníuhljómsveit Berlínar lék seinni svítuna úr Dafnis og Klói undir stjórn Simons Rattle í Eldborg árið 2012.

Svanhildur Óskarsdóttir

# Á döfinni

26.01 FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30

## Flekaskil

Hinir árlegu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir merkjum tónlistarhátíðarinnar Myrkra músíkdaga í lok janúar eru langþráðir í þetta skiptið, enda setti heimsfaraldur strik í reikninginn síðustu tvö árin. Fimm glæsileg og gagnólik verk eru á efnisskránni; verk Hauks Tómassonar, *It Relaxes Me, the Repetition, Pons Papilloma* eftir Ingibjörgu Yri Skarphéðinsdóttur og *Capriccio* eftir Áskel Másson, sem samið er fyrir darabuka, bikartrommu ættaða frá Tyrklandi og Austurlöndum nær, og bregður tónskáldið sér sjálft í hlutverk einleikarans á tónleikunum. Einnig hljómar verk Gunnars Andreasar Kristinssonar, *Flekar*, og *Mar* eftir Kjartan Ólafsson, sem er tileinkað minningu finnska tónskáldsins Einojuhani Rautavaara. Einleikarar á tónleikunum eru Áskell Másson, Vera Panitch, Bryndís Halla Gylfadóttir og Grímur Helgason, en hljómsveitarstjóri er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári, Nathanaël Iselin.

27.01 FÖSTUDAGUR  
Kl. 12:15

## Hringla

Á þessum hádegistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum í ár hljóma verk eftir Báru Gísladóttur, en Bára hefur vakið verulega athygli undanfarin ár fyrir frumlegar tónsmíðar sínar og hlotið fjölda viðurkenninga. Hugmyndin að verkinu *VAPE* spratt út frá árás sem fimm menn gerðu með taugagasinu sarin í neðanjarðarlestarkefni Tókýó-borgar árið 1995, og er hljómsveitinni skipt í fimm hópa. *Hringla* er verk fyrir hljómsveit, rafmagnaðan kontrabassa og rafhljóð sem Bára frumflutti sjálf ásamt Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar í febrúar 2022, sem nýr vinningshafi Gladsaxe-tónlistarverðlaunanna. Upphafsverk tónleikanna er einleiksverkið „*her palms faced down forever after*“, einleiksverk fyrir kontrabassa sem tónskáldið leikur sjálft á tónleikunum.



# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Jan Söderblom  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Lin Wei  
Andrzej Kleina  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Kateryna Mysechko  
Ragnheiður Ingunn  
Jóhannsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Joanna Bauer  
Margrét Kristjánsdóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Justyna Bidler  
Gunnhildur Daðadóttir  
Joena Hyewon Ryu  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Hekla Finnsdóttir  
Ólóf Þorvarðsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Rita Porfiris  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Sarah Buckley  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hjörtur Páll Eggertsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Urh Mrak  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Júlía Mogensen

## Bassi

Xun Yang  
Hávarður Tryggvason  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Richard Korn  
Jacek Karwan

## Flauta

Thomas Hancox  
Steinunn Vala Pálsdóttir  
Martial Nardeau  
Áshildur Haraldsdóttir

## Óbó

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
August Finkas  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Clara Manaud  
Bryndís Þórsdóttir  
Dagbjört Ingólfssdóttir  
Brjánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjørn Ibsen Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene

## Trompet

Joris De Rijbel  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Nimrod Ron

## Harpa

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## Píanó/Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Kjartan Guðnason  
Helgi Þorleiksson  
Ólafur Hólm Einarsson  
Einar Scheving  
Þorvaldur Halldórsson  
James Philip Goodwin

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Halla Oddný Magnúsdóttir  
*lístrænn ráðgjafi*  
Valdís Þorkelsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Jökull Torfason  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*

Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Dagrún Hálfðánardóttir  
*mannauðsstjóri*  
Svanhvít Hrólfssdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*umsjónarmaður nótna*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfssdóttir  
*sviðs- og tæknimaður*

*Kvika eignastýring veitir allhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*

---



**KVIKA**

*Eignastýring*